

GJALDSKRÁ**Rafveitu Vestmannaeyja.****I. RAFORKA**

Rafveita Vestmannaeyja selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	kr.	4,44 kWh
Fastagjald	kr.	1 743,00 a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	7 223,00 kr/kWa
Orkugjald:	
0—2500 kWh/kW	2,29 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW	1,45 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW	0,74 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.

Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgi kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölugjalds).

Orkugjald	1,56 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,36 kr/kWh af orkuverðinu fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án sölugjalds).

Orkugjald	1,56 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2 Orkugjald	6,42 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald 14 500,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 14 500,00 kr/kWa fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir	344,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	1 305,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2 204,00 kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	2 204,00 kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	3 508,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾
Málraun	kr.	kr/m
63 A einfasa	32 000,00	997,00
63 A þrífasa	35 700,00	997,00
100 A þrífasa	56 600,00	1 219,00
200 A þrífasa	117 000,00	1 464,00
315 A þrífasa	176 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	221 500,00	—
710 A þrífasa	403 700,00	—
1200 A þrífasa	684 300,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾
Málraun	kr.	Jarðstrengur
	kr/m	
63 A einfasa	6 340,00	997,00
63 A þrífasa	8 825,00	997,00
100 A þrífasa	9 368,00	1 219,00

A merkir málstraumur stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kilovoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinna húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafí gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 788,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 788,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 788,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 349, 24. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.